

Priðji fundur Delta - deildar starfsárið 2016 - 2017, haldinn í Tónlistarskóla Borgarfjarðar, Borgarnesi í boði Uglu - Zontaklúbbs Borgarfjarðar 10. janúar, 2017, kl. 18.30.

Mættar: Guðlaug Sverrisdóttir, Gyða Bergþórsdóttir, Sóley Sigurþórsdóttir, Þórunn Reykdal, Halldóra Jónsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir og Ásta Egilsdóttir.

Forföll boðuðu: Brynja Helgadóttir, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Dagný Emilsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Inga Stefánsdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Kristín Thorlasius, og Ingibjörg Konráðsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Theódóra Þorsteinsdóttir setti fundinn og bauð okkur gestina og sínar konur velkomna á sameiginlegan fund Uglu Zontaklúbbs Borgarfjarðar og Delta deildar DKG. Í kjölfarið var nafnakall þar sem fundakonur kynntu sig og lásu um leið upp málshætti frá ýmsum löndum.
2. Kynning á Zonta. Theódóra kynnti starfsemi Zonta á Íslandi og að því loknu sungum við saman lag Zontaklúbbs Borgarfjarðar.
3. Kvöldverður var næstur á dagskrá. Boðið var upp á hlaðborð með girnilegum og góðum réttum sem Zontakonur reiddu fram.
4. Kynning á Delta Kappa Gamma. Guðlaug kynnti starfsemi DKG á Íslandi.
5. Happraættið var á sínum stað
6. Síðasta orðið flutti Zonta félaginn Ulla Pedersen.

Heimsókn okkar til Zontakvenna var afar ánægjuleg og gaman að kynnast starfsemi þeirra. Guðlaug bauð þeim á fund með okkur í Delta á næsta starfsári.

Ásta Egils
Ritari Delta - deildar 2016 - 2017